

Mál nr. 317/2017
M og
vátryggingafélagið V v. réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar

Gildissvið og undanþágúákvæði réttaraðstoðartryggingar vegna málssóknar.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 3.10.2017 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-8.
2. Bréf V, dags. 19.10.2017 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

M keyptu fasteign í Reykjavík og er ágreiningur um greiðslu eftirstöðva kaupssamningsverðs fasteignarinnar. M segja að eftir gerð kaupsamnings hafi komið upp atriði sem seljendur hefðu átt að upplýsa þau um, en ekki gert m.a. að húsfélagið ræki mál gegn byggingarstjóra hússins og vátryggingafélagi hans og þá hafi komið í ljós gallar á eigninni sem að mati M eru bótaskyldir af hálfu seljenda. Seljendur eignarinnar höfðuðu mál á hendur M með stefnu útgefni 8.9.2017 til heimtu lokagreiðslu kaupverðs eignarinnar og tóku M til varna í því máli. M krefjast bóta úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V vegna ofangreindra málaferla og segja að ágreiningurinn varði þau ekki sem eigendur fasteignar heldur lúti ágreiningurinn að framkvæmd kaupsamnings milli kaupanda og seljanda vegna sviksemi seljenda. Þá varði dómsmálið M sem aðila að kaupsamningi en ekki sem eigendur fasteignar. V hafnar bótaskyldu og telur ljóst að M hafi verið eigendur umræddrar fasteignar frá 4.4.2016 þegar kaupsamningur um eignina var undirritaður og ágreiningur í málinu varði M sem kaupendur og verðandi eigendur fasteignarinnar. Þá segir V að ágreiningurinn hafi komið upp þegar lögmaður M tilkynnti seljendum að M mundu halda eftir greiðslu á gjalddaga 6.6.2016, en á þeim tímapunkti hefðu M ekki verið með fasteignatryggingu hjá V í samfelldu tvö ár samliggjandi. Varðandi bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu vísar V til f liðar 38.gr. vátryggingaskilmála þar sem mál sem varða vátryggða sem eigenda fasteignar er sérstaklega undanskilin.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar M sem eigendur fasteignar. Við undirritun kaupsamnings og greiðslu hluta kaupverðsins við undirritun kaupsamnings eignuðust M ákveðinn eignarrétt í eigninni. Þar sem málið varðar M sem eigendur fasteignar, með vísan til f. liðar 38.gr. vátryggingaskilmála þar sem bótaréttur eigenda fasteigna úr réttaraðstoðartryggingu M hjá V er undanskilin, eiga M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V vegna málssóknar seljanda eignarinnar á hendur þeim til heimtu kaupssamningsgreiðslu skv. kaupssamningi aðila.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28.11. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.